

## Samstarf um skólann

Verkefni	Markmið	Tími
Skólaráð	Samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahlald.	Einu sinni í mánuði á skólaárinu.
Fundur stjórnar foreldrafélags skólans með bekkjarfulltrúum	Kynning á starfi foreldrafélagsins og hlutverki bekkjarfulltrúa. Efling skólabrags með virkri þátttöku foreldra.	September
Allir lesa	Allir nemendur og starfsfólk taka þátt í lestrarátaki og leiknum <b>Allir lesa</b> .  Markmiðið með leiknum <b>Allir lesa</b> er að auka lestur íslensku þjóðarinnar og fá fleiri til að njóta þess sem lesturinn færir hverjum og einum. Honum er ætlað að hvetja þá sem lesa til að lesa enn meira og hina sem lesa lítið eða ekki neitt, að hefja lesturinn.  Í október er haldin lestrarhátíð í Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO sem áhugavert er fyrir fjölskyldur að taka þátt í. Nánari upplýsingar á <a href="http://bokmenntaborgin.is/">http://bokmenntaborgin.is/</a> .	Í október tókum við þátt í landsleiknum <b>Allir lesa</b> sem fer fram <b>17.október til 16. nóvember</b> .
Tankadagurinn	Fræðsla fyrir nemendur um tankana, hlutverk þeirra og tengsl við umhverfið. Foreldrar hvattir til að mæta og taka þátt.	10. október
Ljóða- og smásagnasamkeppni	Að efla ritun meðal nemenda og gefa foreldrum tækifæri til að styðja börn sín við verkefnið.	Október og lýkur á verðlaunahátíð á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember.
Jólafondur	Efling skólabrags með virkri þátttöku foreldra og foreldrafélags skólans. Nemendur í 9. bekk sjá um kaffisölu í fjáröflun fyrir Laugaferð.	Desember
Lestrarsprettur Stóra upplestrarkeppnin	Að efla áhuga nemenda á lestri með stuðningi foreldra. Nemendur í 7. bekk taki þátt í Upplestrarkeppninni.	Febrúar/mars
Menningarmót í 5. og 9. bekk.	Á menningarmótum fá nemendur, foreldrar og starfsfólk tækifæri til að hittast og kynna menningu sína og áhugamál í hvetjandi umhverfi og á lifandi	3. febrúar

	hátt.	
<b>Öskudagsgleði</b>	Að skipuleggja skemmtun þar sem allir nemendur skólans vinna saman og eldri nemendur aðstoða þá yngri. Foreldrar hvattir til að mæta og taka þátt.	18. febrúar
<b>Aðalfundur foreldrafélags</b>	Hvatning til foreldra um að láta sig skólastarfið varða og taka þátt í að móta stefnu félagsins. Venjuleg aðalfundarstörf. Fræðslufyrirlestur og samræður foreldra. Kaffiveitingar.	Mars
<b>Gleðidagar</b>	Að stuðla að skemmtilegum og jákvæðum skólabrag þar sem gleði og samvera er í öndvegi.	24.-27. mars
<b>Páskabingó</b>	Bingó fyrir alla nemendur og foreldra og rennur ágóðinn í ferðasjóð 10. bekkjar.	Fyrir páska
<b>Umhverfisvika</b>	Í umhverfisviku vinna nemendur verkefni, í skólanum og með aðstoð foreldra, sem tengjast áherslum skólans í umhverfismálum. Verkefnið er tengt hverfinu og lýkur á Degi umhverfisins í lok apríl með ýmsum uppákomum og sýningum sem foreldrum er boðið að skoða og taka þátt í.	20.-24. apríl
<b>Útskrift 10. bekkjar</b>	Formleg útskrift 10. bekkjar fer fram daginn fyrir skólaslit á sal skólans til að fagna þessum merka áfanga með nemendum.	9. júní
<b>Skólaslit</b>	Formleg skólaslit	10. júní